

Ferli máls nr. 201109385 - Umgengni gagna í vörslu Mosfellsbæjar

15. mars 2011 sendir Pétur Lochton, fjármálastjóri Mosfellsbæjar, afskriftarlista viðskiptakrafna sem vísað er til í máli 201103097 „Afskrift viðskiptakrafna“ til bæjarráðs. Listinn var ekki fylgiskjal í fundargátt með boðaðri dagskrá fundar.

16. mars 2011 er málið tekið fyrir á bæjarráðsfundi:

„Niðurstaða fundar:

Samþykkt með þremur atkvæðum að heimila fjármálastjóra afskriftir í samræmi við tillögur hans.“
Áheyrnarfulltrúi Íbúahreyfingarinnar gerði athugasemd við að skjalið væri stimplað trúnaðarmál og lýsti efasemdum um að aðalmenn hafi getað kynnt sér málið á svo skömmum tíma og því ábyrgðarleysi að afgreiða málið.

30. mars 2011 er málið á dagskrá bæjarstjórnar og afgreitt á eftirfarandi hátt, með bókun frá Íbúahreyfingunni:

„Íbúahreyfingin leggur til að allar upplýsingar um afskrifaðar skuldir lögaðila verði birtar opinberlega ásamt ástæðum fyrir því hvers vegna ekki sé talið mögulegt að innheimta kröfuna. Einnig, að allar upplýsingar um afskrifaðar skuldir einstaklinga þar sem félagslegar aðstæður eru ekki ástæða afskrifta séu birtar opinberlega.

Þá leggur Íbúahreyfingin til að fjöldi einstaklinga og heildarupphæð krafna þeirra sem fá niðurfelldar kröfur vegna félagslegra aðstæðna verði birt opinberlega ásamt helstu félagslegum ástæðum sem valda því að afskrifa þarf kröfurnar. Að því gefnu að birtingin brjóti ekki í bága við lög.
Jón Jósef Bjarnason, bæjarfulltrúi Íbúahreyfingarinnar

Tillaga um málsmeðferð kom fram frá bæjarfulltrúa Hafsteini Pálssyni þess efnis að óskað verði eftir umsögn framkvæmdastjóra stjórnarsýslusviðs um tillöguna og að umsögnin fari síðan til bæjarráðs.
Tillagan um málsmeðferð borin upp og samþykkt með sex atkvæðum.
Afgreiðsla 1021. fundar bæjarráðs, um heimild til fjármálastjóra til afskrifta viðskiptakrafna, staðfest á 555. fundi bæjarstjórnar með sjö atkvæðum.

11. maí 2011 sendir Jón Jósef bréf til að spyrjast fyrir um afdrif umsagnar „**framkvæmdastjóra stjórnarsýslusviðs um tillöguna og að umsögnin fari síðan til bæjarráðs.**“

31. ágúst 2011 sendir Jón Jósef aftur fyrirspurn um afdrif málsins.

15. september 2011 birtir Íbúahreyfingin afskriftalistann í dreifiriti sínu sem dreift var í Mosfellsbæ.

22. september 2011 er bæjarráðsfundur 1045 þar sem er „Samþykkt að taka á dagskrá sem 1. dagskrárlið Umgengni gagna í vörslu Mosfellsbæjar erindi nr. 201109385.“

„Bæjarráð óskar eftir því við framkvæmdastjóra stjórnarsýslusviðs að fram fari lögfræðileg skoðun á því hvort brotið hafi verið gegn reglum Mosfellsbæjar um meðferð mála, ákvæðum sveitarstjórnarlaga og ákvæðum annarra laga sem kveða á um vernd persónuupplýsinga þegar Íbúahreyfingin birti upplýsingar um afskriftir til lögaðila í Mosfellsbæ í dreifibréfi til íbúa Mosfellsbæjar í september sl.“

28. september 2011 er 565. fundur bæjarstjórnar og þar er samþykkt að: „í upphafi fundar að fresta 1. dagskrárlið í fundargeð 1045. fundar bæjarráðs og vísa dagskrárliðnum aftur til bæjarráðs.“ Jón Jósef Bjarnason óskaði umræðna um fundarsköp þessa fundar bæjarráðs og bókaði tvisvar um málið. Í bókuninni segir m.a. „Eftir stendur að meirihlutinn er sekur um skipulega tilraun til valdniðslu sem eru viðbrögð hans við eðlilegu gagnsæi gagnvart íbúum Mosfellsbæjar.“

Seinni bókun bæjarfulltrúa Íbúahreyfingarinnar:

Íbúahreyfingin ítrekar að viðkomandi mál var ekki á dagskrá í rafrænu fundarboði og í ljósi bókunar

meirihlutans mun Íbúahreyfingin kæra málsmeðferðina til innanríkisráðuneytis skv. 103 gr. Sveitarstjórnarlaga.

Meirihlutinn bókaði einnig um málið.

29. september 2011 er málið á dagskrá bæjarráðs 1046 bæjarráðsfundar 1046. Eftirfarandi tillaga var samþykkt gegn atkvæði Íbúahreyfingarinnar:

Fyrirliggjandi er tillaga að samþykkt bæjarráðs.

Bæjarráð óskar eftir því við framkvæmdastjóra stjórnisýslusviðs að fram fari lögfræðileg skoðun á því hvort brotið hafi verið gegn reglum Mosfellsbæjar um meðferð mála, ákvæðum sveitarstjórnarlaga og ákvæðum annarra laga sem kveða á um vernd persónuupplýsinga þegar Íbúahreyfingin birti upplýsingar um afskriftir til lögaðila í Mosfellsbæ í dreifibréfi til íbúa Mosfellsbæjar í september sl. Bókað var á víxl um málið.

12. október 2011 bæjarstjórnarfundur 566.

„1.1. 201109385 - Umgengni gagna í vörslu Mosfellsbæjar

Afgreiðsla 1046. fundar bæjarráðs kemur á dagskrá 566. fundar bæjarstjórnar þar sem afgreiðsla erindisins í bæjarráði var ekki samhljóða.“ Nokkrar bókanir voru lagðar fram en að lokum var:

„Svohljóðandi tillaga borin upp til afgreiðslu:

Bæjarstjórn óskar eftir því við lögmenn bæjarins að fram fari lögfræðileg skoðun á því hvort brotið hafi verið gegn reglum Mosfellsbæjar um meðferð mála, ákvæðum sveitarstjórnarlaga og ákvæðum annarra laga sem kveða á um vernd persónuupplýsinga þegar Íbúahreyfingin birti upplýsingar um afskriftir til lögaðila í Mosfellsbæ í dreifibréfi til íbúa Mosfellsbæjar í september sl.

Tillagan samþykkt með 6 atkvæðum gegn einu.

Jón Jósef Bjarnason bæjarfulltrúi Íbúahreyfingar bókar að ekki sé ástæða til að leita til lögfræðings þegar heilbrigð skynsemi nægir.“

18. október 2011 barst svo lögfræðialit LEX unnið af Heiðrúnu Lind Marteinsdóttur og Víði Smára Petersen.

27. október 2011 bæjarstjórnarfundur 567.

6. 201109385 - Umgengni gagna í vörslu Mosfellsbæjar

Til máls tóku: HP, JJB, HS, HSv, HBA, BH og KT.

Bókun bæjarfulltrúa S- og V lista.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar óskaði á síðasta fundi sínum eftir lögfræðilegri skoðun bæjarlögmannna á því hvort bæjarfulltrúi Íbúahreyfingarinnar hefði brotið lög þegar hann birti upplýsingar um afskriftir til lögaðila í dreifibréfi Íbúahreyfingarinnar í Mosfellsbæ sem sent var til íbúa í september sl.

Nú liggur álit lögmannanna fyrir. Þar kemur fram að upplýsingar um afskriftir lögaðila hjá sveitarfélögum heyra undir þagnarskyldu sveitarstjórnarmanna. Í álitinu kemur einnig fram að birting umræddra upplýsinga var ekki í samræmi við lög nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga. Óheimilt var því fyrir sveitarstjórnarmanninn að birta upplýsingarnar opinberlega samkvæmt álitinu. Að auki er lagt til í álitinu að rétt sé að tilkynna innanríkisráðherra umrætt mál.

Því er það tillaga að innanríkisráðuneytið verði upplýst um málið og jafnframt óskað leiðsagnar ráðuneytisins um framhald þess.

Tillagan samþykkt með sex atkvæðum gegn einu atkvæði bæjarfulltrúa Íbúahreyfingarinnar.

Bókun bæjarfulltrúa Íbúahreyfingarinnar vegna minnisblaðs LEX.

Hvergi kemur fram í lögum að afskriftir lögaðila hjá sveitarfélögum heyri undir þagnarskyldu sveitarstjórnarmanna. Birting upplýsinganna varða ekki persónuverndarlög 77/2000 enda um að ræða upplýsingar er varða almannahag Mosfellinga og eðlilega upplýsingagjöf til bæjarbúa sem Sjálfstæðisflokkur, Vinstri grænir og Samfylkingin vilja koma í veg fyrir að birtist.

Bæjarfulltrúi Íbúahreyfingarinnar ver ekki sérhagsmuni, hann er í vinnu fyrir Mosfellinga.

Sú staðhæfing Lögmannsstofunnar LEX að Mosfellsbæ sé ekki heimilt að birta upplýsingar um afskriftir lögaðila fæst ekki staðist.

Tillaga bæjarfulltrúa Íbúahreyfingarinnar.

Íbúahreyfingin leggur til að kosið verði um hvort bæjarfulltrúar séu sammála lögfræðialitinu. Forseti lýsti þeirri skoðun sinni að framkomin tillaga væri ekki tæk til afgreiðslu vegna þess að þegar hefði verið afgreidd tillaga um meðferð málsins, en óskaði eftir afstöðu annarra bæjarfulltrúa til þess. Samþykkt með sex atkvæðum gegn einu atkvæði bæjarfulltrúa Íbúahreyfingarinnar að framkomin tillaga Íbúahreyfingarinnar væri ekki tæk til atkvæðagreiðslu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:05